



## Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Niðurstöður starfshóps um uppbyggingu leikskóla - útdráttur

**Dags:** 8. nóvember 2022

**Málsnúmer:** 202210231/-

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Sendandi:** Starfshópur um uppbyggingu leikskóla

### Tillaga:

Lagt er til að umhverfissviði og fræðslu- og frístundasviði verði falið að gera sérstaka athugun á því að reka leikskóla í Brúarlandi frá og með næsta hausti. Aðrar lausnir verði skoðaðar í kjölfarið.

Jafnframt er lagt til að haldið verði áfram við uppbyggingu leikskóla í Helgafellslandi að því gefnu að hægt verði að lækka áætlaðan byggingarkostnað. Er lagt til að umhverfissviði og fræðslu- og frístundasviði verði falið að vinna með arkitekt að endurskoðun hönnunar leikskólans með markmiði um lækkun kostnaðar. Náist slík hagræðing verði framkvæmdir við uppbyggingu Helgafellsleikskóla boðnar út í síðasta lagi í janúar 2024 þannig að hægt verði að taka skólann í notkun haustið 2026.

### Greinargerð:

Starfshópur um uppbyggingu leikskóla hefur verið að störfum frá 20. október. Í hópnum voru sérfræðingar á sviði fræðslumála og skipulagsmála í Mosfellsbæ auk kjörinna fulltrúa.

### Helstu niðurstöður hópsins eru eftirfarandi:

Á næstu fimm árum má gera ráð fyrir um 150 barna fjölgun leikskólabarna í Mosfellsbæ. Byggt er á opinberum tölum og íbúaspá. Miðað við að þau leikskólaláss sem Mosfellsbær hefur nú séu fullnýtt þarf að bregðast við þessari fjölgun að öllu leyti. Forsendur má sjá nánar í skýrslu hópsins.

Miðað við þá innviði sem þegar eru fyrir í leikskólum Mosfellsbæjar auk framboðs hjá dagforeldrum og sjálfstætt starfandi skólum telur hópurinn að raunhæft sé að bregðast við þessari fjölgun á næstu árum. Það verði gert aðallega með því að fjölga plássum í núverandi húsnæði leikskóla og með því að ráðast í nýbyggingu leikskóla. Á glæru 8 í meðfylgjandi skýrslu eru tiltekna heppilegustu leiðirnar að mati hópsins til að fjölga leikskólalássum í núverandi húsnæði. Lagt er til að umhverfissviði og fræðslu- og frístundasviði verði falið að gera sérstaka athugun sem allra fyrst á möguleikum á því að reka leikskóla í Brúarlandi frá og með næsta hausti. Aðrar lausnir yrðu svo skoðaðar í kjölfarið.

### Nýbygging leikskóla í Helgafellslandi

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir því að skólinn tæki til starfa haustið 2023 en þar sem lóðaf framkvæmd var boðin út í júní 2022 er ljóst að sú tímalína mun ekki standast.

Fyrir liggur að áætlaður kostnaður við bygginguna hefur hækkað um 56% frá því upphafleg kostnaðaráætlun var unnin í maí 2021. Það eru aðallega tvær ástæður fyrir því að áætlaður kostnaður hefur aukist. Það er í fyrsta lagi óhagstæð lóð sem stendur í miklum halla og kallar á sérstakar kostnaðarsamar mótvægisáðgerðir. Í öðru lagi er um að ræða hækkanir vegna verðbólgu og þenslu á byggingamarkaði.



Niðurstaða hópsins er engu að síður sú að staðan sé þannig að skynsamlegast sé að halda áfram með verkefnið að því gefnu að hægt verði að lækka áætlaðan byggingarkostnað. Áfallinn kostnaður Helgafellsleikskóla í október 2022 er 138 m.kr. Kostnaður við að hefja verkið aftur frá grunni yrði talsverður og framtíðarskipulag og íbúasamsetning hverfisins kallar einnig á að leikskólaþjónusta sé öflug í nærumhverfinu.

Lagt er til að umhverfissviði og fræðslu- og frístundasviði verði falið að vinna með arkitekt að endurskoðun hönnunarinnar með tilliti til hagræðingar. Einnig að verktíma verði stýrt þannig að hægt verði að gera hagstæða samninga en eins og segir í gögnum málsins þá er lengri verktími líklegri til að lækka kostnað. Markmið með þessum aðgerðum verði að lækka áætlaðan kostnað um 15%. Þannig verði fermetraverð skólans í samræmi við það sem gengur og gerist í sambærilegum byggingum. Takist að lækka áætlaðan kostnað er lagt til að uppbygging Helgafellsleikskóla verði boðin út, í síðasta lagi í janúar 2024, þannig að hægt verði að taka skólann í notkun haustið 2026.

### **Þróun í leikskólastarfi**

Hópurinn fjallaði talsvert um þróun í starfi leikskóla og að það sé mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytt úrræði sérstaklega þegar kemur að þjónustu við ung börn. Mosfellsbær eigi að vera fremstur í flokki við að þróa þessa þjónustu í samráði við fagfólk og foreldra. Stærð eininga, mismunandi rekstrarform, lengd vistunartíma og starfsumhverfi leikskóla eru allt þættir sem þarfnast frekari umfjöllunar. Mosfellsbær verður áfram í miklum vexti og því mikilvægt að umfjöllun um húsnæði verði ekki á kostnað þess að ræða hvernig starfsemi við viljum hafa í leikskólum bæjarins þannig að hún verði aðlaðandi bæði fyrir starfsfólk og börnin sem þar dvelja.

Starfshópurinn skipuðu:

- Aldís Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi B lista, formaður
- Lovísa Jónsdóttir, bæjarfulltrúi C lista
- Dagný Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi L lista
- Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu-og frístundasviðs
- Jóhanna Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs
- Lárus Elíasson, verkefnastjóri á umhverfissviði
- Gunnhildur Sæmundsdóttir, leikskólafulltrúi á fræðslusviði

Starfsmaður starfshópsins:

Magnea Ingimundardóttir, verkefnastjóri